

**Nd.**

## **56. Frumvarp til laga**

[55. mál]

um breyting á lögum nr. 87 1971, um orlof.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Orlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær greitt kaup eða hann er í orlofi. Laugardagar, sunnudagar eða aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar.

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Orlof samkvæmt lögum þessum skal veitt í einu lagi á tímabilinu frá 2. maí til 15. september.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 10.17% af launum.

4. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

### **Ákvæði til bráðabirgða:**

Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda við töku orlofs fyrir orlofsárið frá 1. maí 1982 til 30. apríl 1983 en 3. gr. tekur gildi 1. desember 1982.

### **Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 21. ágúst 1982 um aðgerðir í efnahagsmálum og leggur ríkisstjórnin áherslu á afgreiðslu þess fyrir 1. desember n. k. Ástæðan er sú, að lenging orlofsins kemur á móti þeirri skerðingu verðbóta sem á sér stað 1. desember. Lenging orlofsins skv. þessu frumvarpi þýðir 1.84% í kaupum, en að auki er svo flutt sérstakt frumvarp um frídag verslunarmanna þannig að heildarbreytingin samsvarar liðlega 2% í kaupum hjá þeim sem minnstan rétt hafa haft, þ. e. 8.33% orlof og ekki launað leyfi á frídegi verslunarmanna.

Meginbreytingin frá gildandi lögum er sú, að í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að laugardagar teljist ekki orlofsdagar, fremur en sunnudagar og aðrir helgidagar. Verkalýðsamtökin hafa um árabil haft uppi kröfu í þessu efni og ýmis stéttarfélag fengið því framgengt í samningum. Á Alþingi hafa verið flutt þingmannafrumvörp sem gengið hafa í sömu átt.

Almenn vinnuvika verkafólks er nú 40 stundir í dagvinnu, unnin á 5 dögum, frá mánu-degi til og með föstudegi. Laugardagar hafa því um langt skeið ekki talist til almennra vinnudaga hjá þorra verkafólks. Það verður því að teljast fullkomið réttlætismál að laugar-dagar teljist ekki til orlofsdaga. Þá má í þessu sambandi geta þess að í nýlegum samningum við BSRB var sá háttur upp tekinn að fella laugardaga út sem orlofsdaga. Frumvarp þetta stefnir því að samræmingu lágmarksorlofs hjá öllum launamönnum.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um að orlof skuli veitt í einu lagi á tímabilinu frá 1. maí til 15. september.

Í samræmi við þá fjölgun orlofsdaga, sem felst í 1. gr. frumvarpsins, er í 3. gr. gert ráð fyrir hækkun á orlofsfé í 10,17% sem er rétt hlutfall miðað við fjölgun orlofsdaga.

Með ákvæði til bráðabirgða er að því stefnt að breyting sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, komi til framkvæmda með sama hætti og samið var um við opinbera starfsmenn.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 2. ágúst var einnig fjallað um frídag verslunarmanna og að hann yrði almennur frídagur. Í samræmi við yfirlýsinguna er flutt sérstakt frumvarp um þetta efni.